

## Skýrsla stjórnar fyrir árið 2017

Stjórn félags- og skólaþjónustunnar árið 2017:

Brynja J. Jónasdóttir, Ásahrepp

Auðbjörg Bjarnadóttir, Skaftárhrepp

Lilja Einarsdóttir, Rangárþingi eystra, formaður

Sólrún Helga Guðmundsdóttir, Rangárþingi ytra

Þorgerður Hlín Gísladóttir, Mýrdalshrepp, ritari

Á árinu 2017 voru haldnir 6 stjórnarfundir, auk aðalfundar sem haldinn var 9. maí 2017.

### Félagsþjónustudeild:

Fjárhagsáætlun fyrir félagsþjónustudeild árið 2017 gerði ráð fyrir 56.5 millj. króna tekjum, auk 10,3 millj.króna í málefni fatlaðra, samtals 66,8 millj.króna. Að teknu tilliti til allra liða fór rekstur deildarinnar í 70,1 millj.króna en umframkeyrsluna má rekja að öllu leiti til langtímaveikinda starfsmanna og kulnunar í starfi vegna langvarandi og alvarlegra álagseinkenna. Leiddi þetta til þess að launakostnaður félagsþjónustudeildar fór fram úr áætlun um tæpar 5,5 milljónir að teknu tilliti til launa vegna Tilsjónar en rukkað er sérstaklega fyrir þeim kostnaði hjá viðkomandi sveitarfélögum. Annar rekstrarkosnaður varð hins vegar um 1 milljón undir áætlun að teknu tilliti til kostnaðar vegna tilsjónar. Gert var ráð fyrir hagnaði í rekstri deildarinnar til að mæta afborgunum langtímaláns og afskriftum eigna.

Stöðugildi félagsþjónustudeilar árið 2017 voru 4,9 án tilsjónar og skiptast þau sem hér segir.

- |                                                       |            |
|-------------------------------------------------------|------------|
| - Félagsmálastjóri (félagsþj 90% + málefni fatl. 10%) | 100% staða |
| - Málefni fatl. (60%) + Barnavernd (40%)              | 100% staða |
| - Barnavernd (70%) + Fjárhagsaðstoð (30%)             | 100% staða |
| - Barnav. (70%) + Húsnæðismál (20%) forvarn.(10%)     | 100% staða |
| - Sálfræðingur                                        | 20% staða  |
| - Málefni Aldraðra                                    | 70% staða  |

Á vordögum var Helga Lind Pálsdóttir ráðinn nýr félagsmálastjóri í afleysingar til eins árs, í fjarveru Katrínar Þorsteinsdóttur.

Árið 2017 var ár erfiðra barnaverndarmála þar sem að starfsmenn félagsþjónustunnar og félagsmálanefnd stóðu frammi fyrir erfiðum, alvarlegum og íþyngjandi ákvörðunum. 700% aukning varð á vistunum barna utan heimils á árinu 2017 og er eitt mál nú rekið fyrir dómstólum. Öll umrædd mál höfðu verið til vinnslu um langt skeið og nauðsynlegt reyndist að grípa til aðgerða. Þess ber að geta að vistun fyrir eitt barn utan heimils kostar 350-450 þús á mánuði. Reyndi þetta verulega á starfsmenn félagsþjónustunnar sem sýndu mikla fagmennsku í erfiðum aðstæðum.

Tilkynningar á árinu 2017 voru 73 sem var aðeins fækkun frá árinu 2016. Hins vegar eins og áður kemur fram voru málin flóknari og mun erfiðari en á fyrri árum. Unnið var að málefnum 48 fjölskyldna og samtals 68 barna.

Það var ánægjulegt að á árinu 2017 fékkst samþykki fyrir því að ráða inn tilsjónaraðila í barnavernd. En starf tilsjónaraðila er að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu inn á heimilum og í nærumhverfi þeirra. Tilsjón í barnaverndarmálum er mikilvægt úrræði í vinnslu barnaverndarmála og ber barnaverndum að búa að þessu úrræði sbr. barnaverndarlög. Aðildarsveitarfélög eru rukkuð sérstaklega vegna launakostnaðar mánaðarlega og í samræmi við hlutfall vinnu í hverju sveitarfélagi.

Á árinu 2017 fengu 36 einstaklingar fjárhagsaðstoð og kom starfsfólk félagsþjónustudeildar að málefnum 27 einstaklinga með fatlanir á þjónustusvæðinu.

Starfsemi félagsþjónustudeildar árið 2017, líkt og árið 2016, einkenndist af mikilli vinnu, miklum hraða og álagi. Starfsmenn félagsþjónustudeildar héldu uppi faglegri félagsþjónustu á öllum stundum þrátt fyrir að hafa allt árið verið að glíma við manneklu vegna langtímaveikinda. Starfsmenn eiga þakklæti skilið fyrir að halda uppi faglegu starfi í þágu velferðar barna og fjölskyldna á þjónustusvæðinu á miklum álagstímum.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 gerir ráð fyrir 64,3 millj. króna framlagi í félagsþjónustudeild, auk 10,6 millj. króna vegna málefna fatlaðra eða samtals 74,9 millj. króna að teknu tilliti til fjárfestinga, afborgana langtímalána og afskrifta.

### **Skólaþjónustudeild:**

Fjárhagsáætlun fyrir skólaþjónustudeildina árið 2017 gerði ráð fyrir 66,4 millj. króna tekjum við deildina, en í árslok voru rauntekjur var hins vegar undir áætlun, eða 57 millj. króna í samræmi við rekstarrgjöld. Gert var ráð fyrir hagnaði við rekstur deildarinnar til að mæta afborgunum langtímaláns og eigna.

Í árslok 2016 voru starfsmenn sex talsins í 5,2 stöðugildum, en frá og með 1. mars 2017 fækkaði þeim í fimm þegar talmeinafræðingur hætti störfum og hóf sjálf-stæðan rekstur á svæðinu. Eru stöðugildi nú eru 4,3 og skiptast á eftirfarandi hátt:

- Forstöðumaður/kennsluráðgjafi í grunnskólum 100% staða

- Leikskólaráðgjafi	100% staða
- Náms- og starfsráðgjafi	100% staða
- Ritari	50% staða
- Sálfræðingur	80% staða

Eftir að hafa árangurslaust auglýst eftir talmeinafræðingi til starfa var ákveðið að ganga til samninga við fyrri talmeinafræðing um kaup á verktöku til að sinna þeim þætti talmeinaþjónustunnar sem sveitarfélögin eiga að sjá um, samkvæmt samningi sambands ísl. sveitarfélaga við velferðarráðuneytið. Verktakasamningurinn, sem kynntur var sveitarfélögunum sl. sumar, tók gildi 20. ágúst sl.

Ekki er útlit fyrir að talmeinaþjónustan fari í fyrra horf á næstunni. Framboð á talmeinafræðingum er afar takmarkað auk þess sem samningur sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerði við Sjúkra-tryggingarnar á sínum tíma rann út sl. sumar. Sambandið taldi ekki ástæðu til að endurnýja þann samning, þar sem ekkert sveitarfélag á landinu var þá að vinna eftir honum, eftir að við hættum.

Þjónustan sem keypt er í verktöku hefur mælst ágætlega fyrir og hentar bísna vel fyrir börnin í Rangarvallasýslu, en síður fyrir þau sem austar eru, m.a. vegna lengri vegalengda til að sækja þjónustuna.

Það er mjög ánægjulegt að geta sagt frá því að enn sem fyrr hefur tekist að halda biðlistum eftir þjónustu sérfræðinga skólaþjónustunnar í algjöru lágmarki og í raun má segja að enginn biðlisti sé til staðar, hvort sem það er hjá sálfræðingi, kennsluráðgjöfum eða náms- og starfsráðgjafa. Þetta þykir nánast einsdæmi ef við berum okkur saman við aðrar skólaþjónustur á landinu.

Fjöldi mála er svipaður frá ári til árs og starf kennsluráðgjafa, sálfræðings og náms- og starfsráðgjafa var að mestu með hefðbundum hætti á árinu.

Skólaþjónustan hefur frá upphafi lagt áherslu á og talað fyrir auknu þverfaglegu samstarfi vegna málefna barna og unglunga og er samstarf við starfsfólk félagsþjónustunnar í þeim efnum með miklum ágætum. Aukið samstarf við starfsfólk heilsugæslunnar vegna málefna barna og unglunga hefur komist á að frumkvæði starfsmanna skólaþjónustu og felst m.a. í reglulegum, sameiginlegum fundum með barnalækni, heilsugæslulækni og sál-fræðingum HSU.

Í lok ársins 2017 var seinni bíll skólaþjónustunnar endurnýjaður. Á allra næstu dögum mun skólaþjónustan, ásamt allri starfsemi Rangárþings eystra flytja í glæsilegt, endurnýjað húsnæði að Austurvegi 4 hér á Hvolsvelli, þar sem öll aðstaða verður eins góð og hugsast getur .

Eins og undanfarin ár hefur nokkuð stór liður í starfsemi skólaþjónustunnar verið að sjá um umfangsmikla endurmenntun og fræðslu fyrir starfsfólk leik- og grunn-skóla.

Á árinu 2017 voru haldin tuttugu og fjögur stytttri og lengri námskeið og fræðslu-fundir og var þátttakendafjöldi tæplega 340 manns. Auk þessara formlegu námskeiða er

Ótalinn fjöldi fræðslufunda og erinda fyrir skólafólk, foreldra og nemendur, sem starfsfólk skólaþjónustunnar fer með í einstaka skóla að beiðni skólastjórnenda. Þátttökugjaldi er haldið í lágmarki, m.a. með styrk frá Endurmenntunarstjóði grunnskóla sem við höfum sótt í árlega og fengið yfirleitt tæp 600.000 krónur í hvert sinn.

Fjárhagsáæltun ársins 2018 gerir ráð fyrir 67,3 millj. króna framlagi fyrir skólaþjónustudeildina að teknu tilliti til fjárfestinga, afborgana langtímalána og afskrifta.

Að lokum vill stjórnin þakka stjórnendum og starfsfólki fyrir gott samstarf og fagmennsku á árinu 2017. Stjórnin þakkar jafnframt starfsmönnum og aðildarsveitarfélögunum samstarfið síðast líðin 4 ár og óskar nýrri stjórn velfarnaðar á komandi kjörtímabili.

Fh. Stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla og V-Skaftafellssýslu.

*Lilja Einarsdóttir*  
Lilja Einarsdóttir, formaður